

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 145/2014

2014/EES/71/32

frá 27. júní 2014

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1185/2009 frá 25. nóvember 2009 um hagskýrslur um varnarefni ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 408/2011 frá 27. apríl 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1185/2009 um hagskýrslur um varnarefni, að því er varðar afhendingarsnið ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 656/2011 frá 7. júlí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1185/2009 um hagskýrslur um varnarefni, að því er varðar skilgreiningar og skrá yfir virk efni ⁽³⁾.
- 4) XXI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við á eftir lið 24c (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 138/2004) í XXI. viðauka við EES-samninginn:

„24d. **32009 R 1185**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1185/2009 frá 25. nóvember 2009 um hagskýrslur um varnarefni (Stjtið. ESB L 324, 10.12.2009, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Stjórnvöld í Liechtenstein þurfa ekki að taka saman gögn samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar.

24da. **32011 R 0408**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 408/2011 frá 27. apríl 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1185/2009 um hagskýrslur um varnarefni, að því er varðar afhendingarsnið (Stjtið. ESB L 108, 28.4.2011, bls. 21).

24db. **32011 R 0656**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 656/2011 frá 7. júlí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1185/2009 um hagskýrslur um varnarefni, að því er varðar skilgreiningar og skrá yfir virk efni (Stjtið. ESB L 180, 8.7.2011, bls. 3).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 1185/2009, (ESB) nr. 408/2011 og (ESB) nr. 656/2011, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 28. júní 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*), eða gildistöku dag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar sem fellir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 ⁽⁴⁾ inn í EES-samninginn, hvort sem ber upp síðar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 324, 10.12.2009, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 108, 28.4.2011, bls. 21.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 180, 8.7.2011, bls. 3.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. júní 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.